

Gylfi Ásmundsson

UMFERÐ OG ÁFENGI

ÚTDRÁTTUR

Það eru einkum tveir þættir, sem gætu varpað ljósi á áhrif áfengisneyslu á umferðina. Í fyrsta lagi hvernig fjölda umferðarslysa, sérstaklega áfengistengdra slysa, ber saman við þá aukningu sem hefur orðið á heildarneyslu áfengis. Í öðru lagi má styðjast við tíðni ölvunaraksturs í landinu og hvernig henni ber saman við tíðni umferðarslysa annars vegar og heildarneyslu áfengis hins vegar.

Til að kanna þessi tengsl hefur tiltækum tölfræðilegum gögnum varðandi umferðarslys og ölvun á tímabilinu 1966-1980 verið safnað og þau borin saman við fólksfjöldatölur, heildarneyslu áfengis og fjölda bifreiða í landinu.

Þrátt fyrir að umferðarslysum hafi hlutfallslega heldur farið fækkandi, einkum ef miðað er þá miklu aukningu sem hefur orðið á fjölda ökutækja, benda niðurstöðurnar til þess að áfengistengdum umferðarslysum fari fjölgandi og hamli verulega gegn þróun að öðru leyti til fækkunar slysa. Finna má samsvörun á milli heildarneyslu áfengis, ölvunaraksturs og umferðarslysa á þessu 15 ára tímabili.

INNGANGUR

Umferðarslys og áfengismisnotkun eru hvort um sig meðal mestu heilbrigðisvandamála á Íslandi í dag eins og reyndar í flestum vestrænum löndum. Enginn vafi er á því að nokkur orsakatengsl eru þarna á milli þannig að áfengisneysla eigi drjúgan og sennilega vaxandi þátt í umferðarslysum, einkum þegar um alvarleg líkamsmeiðslu og dauðaslys er að ræða. Þetta kemur fram í tölum (tafla I) um áfengistengd umferðarslys. Dæmi eru tekin frá Kaliforníu og Finnlandi (1), og eftir skýrslum Umferðarráðs (2) fyrir Ísland, en skrásetning áfengistengdra umferðarslysa hófst hér á landi 1976.

Í þeirri athugun, sem hér er greint frá, er reynt að finna að hve miklu leyti breytingar á heildarneyslu áfengis, tíðni ölvunaraksturs og

tíðni umferðarslysa tengjast yfir tiltekið árabíl. Þetta er litill hluti af umfangsmikilli samnorrænni könnun á skaðlegum afleiðingum áfengis í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi, sem enn er ekki lokið. Tekur hún til árabilsins 1930-80 og byggist á gögnum um dánartíðni ýmissa sjúkdóma, sem hugsanlega má rekja til áfengismisnotkunar, svo og slysa, afbrota og innlagna vegna alkóhólisma. Skoðuð eru tengsl þessara þátta við heildaráfengisneysluna og ýmsa þætti eins og neysluvenjur, áfengislög og stefnu.

EFNI OG AÐFERÐ

Hvað Ísland snertir eru nothæf gögn um umferðarslys og ölvunarakstur, sem ná til landsins í heild, ekki fyrir hendi fyrr en eftir 1966 og í sumum tilfellum gætir jafnvel nokkurs misræmis eftir það. Hér verður því eingöngu fjallað um tímabilið 1966-80. Á þessu tímabili hefur einmitt orðið athyglisverð þróun í áfengisneyslu, heildarneysla áfengis hefur aukist verulega, neytendum hefur fjölgað og þá fyrst og fremst meðal unglinga og kvenna, og sjá má nokkrar breytingar á drykkjuvenjum, eins og fram hefur komið í niðurstöðum úr könnun á áfengisneysluvenjum Íslendinga, sem hófst 1972 (3). Á sama tíma hefur orðið gífurleg aukning í bílafloða landsmanna og ökumönnum hefur fjölgað, mest einnig úr hópi ungs fólks og kvenna.

Tafla I. Hlutfall áfengistengdra umferðarslysa af öllum umferðarslysum eftir tegund slysa.

	1960	1975*)	1980
<i>Kalifornía:</i>			
slys m. meiðslum	12%	13%	
dauðaslys	21%	34%	
<i>Finnland:</i>			
slys m. meiðslum	8%	15%	
dauðaslys	15%	23%	
<i>Ísland:</i>			
slys m. meiðslum		14%	18%
dauðaslys		11%	25%

*) 1976 fyrir Ísland.

Gögn þau, sem hér eru lögð til grundvallar, eru tölur um fjölda ökutækja í landinu, umferðarslys, sem skráð hafa verið hjá lögreglunni, tölur um fjölda þeirra sem teknir hafa verið grunaðir um ölvunarakstur, og heildaráfengisneysla í landinu samkvæmt skýrslum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Haldþættar tölur um þessi atriði eru til síðan 1966, nema fyrir ölvunarakstur frá 1968, og koma þær fram í töflu II. Skoðuð er samhliða þróun þessara þátta og gerðir einfaldir fylgnireikningar með aðferð Pearsons (product-moment correlation coefficient).

NIÐURSTÖÐUR

Jöfn aukning er á bílafjölda landsmanna allt tímabilið. Á fyrri hluta tímabilsins fer umferðarslysum sömuleiðis fjölgandi miðað við fólksfjölda, en frá 1974 hafa litlar breytingar orðið og þeim reyndar fækkað ef tekið væri mið af fjölda bíla. Hér er átt við öll umferðarslys, með eða án meiðsla, eins og þau eru skráð hjá lögreglunni.

Tölur lögreglunnar um umferðarslys með meiðslum sýna aukningu fram til 1974, en árið 1975 verða breytingar á skráningu hjá lögreglunni, þannig að alþjóðlegar skráningarreglur eru teknar upp, sem minnka þessar tölur verulega. Þó má sjá að frá 1975 stendur hlutfallsleg tíðni umferðarslysa með meiðslum nokkurn veginn í stað. Tölur yfir dauðaslys eru hins vegar svo lágar, að þær verða sveiflukenndari og óáreiðanlegri til viðmiðunar.

Af þessum sökum er hér á eftir eingöngu tekið mið af heildarfjölda umferðarslysa.

Heildaráfengisneysla fer sömuleiðis vaxandi á fyrri hluta tímabilsins, en hefur lítið breyst eftir 1974. Þá verður mikil aukning í neyslu léttra vína, en minnkun í neyslu sterks áfengis.

Kærum vegna ölvunaraksturs fer fjölgandi frá 1968 til 1975, en eftir það standa þær nokkurn veginn í stað.

Í stórum dráttum er ljóst að umferðarslys haldast í hendur við áfengisneyslu og ölvunarakstur í mun meira mæli en við aukningu umferðarinnar. Þetta má sjá skýrar ef við setjum þessi línurit upp á sambærilega kvarða.

Í mynd 1 má sjá þróun heildarneyslu áfengis samhliða umferðarslysum, í mynd 2 umferðarslys borin saman við neyslu sterks áfengis eingöngu, og í mynd 3 kemur fram samanburður á umferðarslysum og ölvunarakstri.

Nákvæmar má sjá tengslin á milli þessara þátta með fylgnireikningi, sem sýndur er í töflu III.

Þar kemur fram, að tíðni umferðarslysa tengist mest neyslu sterkra drykkja, en minna bæði heildarneyslu áfengis og ölvunarakstri, sem aftur hafa sterkust tengsl sín á milli, og minnst neyslu léttra vína. Lítil, og reyndar ómarktæk fylgni er á milli fjölgunar bíla og umferðarslysa.

ÁLYKTANIR OG UMRÆÐA

Niðurstöðurnar benda til eftirfarandi ályktana: Aukningin í umferðinni eða bílaflotanum hefur ekki haft í för með sér hlutfallslega fjölgun

Tafla II. Þróun heildarneyslu áfengis, fjölda ökutækja, umferðarslysa og ölvunaraksturs 1966-1980.


Ár	Áfengisneysla ^{a)}			Ökutæki ^{b)}	Umferðarslys ^{c)}			Ölvunarakstur ^{d)}
	heild	sterk	veikt		öll	m/meiðsl.	m/dauða	
1966.....	2.32	2.08	0.24	2010	2606	286	9.1	
1967.....	2.38	2.13	0.25	2121	2528	217	10.0	
1968.....	2.11	1.86	0.25	2171	2384	243	3.0	784
1969.....	2.17	1.92	0.25	2156	2400	279	5.4	785
1970.....	2.50	2.24	0.26	2312	2781	338	8.3	1003
1971.....	2.70	2.41	0.29	2523	3132	373	8.2	1172
1972.....	2.81	2.49	0.32	2726	3358	416	10.4	1261
1973.....	2.88	2.54	0.34	2976	3428	440	11.2	1461
1974.....	3.04	2.65	0.39	3314	3303	464	9.2	1533
1975.....	2.88	2.40	0.48	3283	3164	218 ^{d)}	13.7	1551
1976.....	2.88	2.31	0.57	3344	2955	191	8.2	1442
1977.....	3.08	2.46	0.62	3528	2852	180	14.8	1432
1978.....	2.96	2.30	0.66	3773	3095	214	11.1	1528
1979.....	3.24	2.35	0.89	3995	3132	185	10.1	1588
1980.....	3.16	2.25	0.91	4199	3144	217	10.5	1551

Skýringar við töflu:

a) lítrar hreint alkóhól á íbúa; b) pr. 10.000 íbúa; c) pr. 100.000 íbúa; d) breyting á skráningarreglum.


umferðarslysa, og má gera ráð fyrir að betri umferðarmenning, betri bílar og betri vegir eigi sinn þátt í því. Rétt er að benda á að mikið misræmi er á milli talna slysaáeldar Borgarspítalans og skráningar lögreglunnar, þannig að lögreglan skráir aðeins um 30% slíkra slysa (4). Þetta misræmi kann að einhverju leyti að stafa af mismunandi skráningarreglum, en eins og getið var um hér að framan urðu breytingar á skráningu lögreglunnar á umferðarslysum með meidslum árið 1975, sem leiddi til mikillar fækkunar á skráðum slysum af þessu tagi.

Ölvunarakstur hefur hins vegar haldist í hendur við heildarneyslu áfengis, en í minna mæli við umferðarslysa. Ölvunarakstur tengist neyslu




◆ Road accidents ◇ Total alc. cons.

Fig. 1. Alcohol Consumption in liters abs. alc. pr. inhabitant and road accidents pr. 100 inhabitants.



◆ Road accidents ◇ Cons. of spirits

Fig. 2. Consumption of spirits in liters abs. alc. pr. inhabitant and road accidents pr. 100 inhabitants.



◆ Road accidents ◇ Drunken driving

Fig. 3. Suspects for drunken driving pr. 20,000 inhabitants and road accidents pr. 10,000 inhabitants.

Tafla III. Fylgni (Pearson's R).

	Umferðarslys	Ölvunarakstur
Fjöldi bíla	0.52	0.89
Heildarneysla áfengis	0.76	0.96
Neysla sterks áfengis	0.89	0.75
Neysla léttis áfengis	0.29	0.72
Ölvunarakstur	0.79	

sterkra og veikra vína nokkuð jafnt, og má gera ráð fyrir að útbreiddari neysla léttis áfengis hin síðari ár hafi orðið til þess að fleiri aka undir áhrifum áfengis. Þess má geta að skráður ölvunarakstur er hlutfallslega mun tíðari á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Það kann að einhverju leyti að stafa af betra eftirliti hér, en þó kemur fram í samnorrænni könnun á áfengisneysluvenjum (5), sem Hildigunnur Ólafsdóttir stóð að fyrir Íslands hönd, að hlutfallslega fleiri Íslendingar viðurkenna að hafa ekið undir áhrifum áfengis heldur en aðrir Norðurlandabúar.

Í þriðja lagi má sjá skýr tengsl á milli umferðarslysa og heildarneyslu áfengis. Þessi tengsl eru þó einkum bundin neyslu sterks áfengis. Það kemur ekki á óvart, ef gert er ráð fyrir að meiri ölvun fylgi neyslu sterks áfengis. Áhrifa léttvinsneyslu gætir hins vegar sáralítið í þróun umferðarslysa, enda leiðir hún sjaldnast til verulegrar ölvunar og er því síður líkleg til að valda slysum, en verður þó, eins og áður segir, til þess að fleiri aka undir áhrifum.

Þótt Íslendingar séu með hvað lægsta heildarneyslu áfengis á Vesturlöndum, hefur könnun á áfengisneysluvenjum Íslendinga bent til (6), að ölvunartíðni sé hér ekki minni en annars staðar vegna þeirra drykkjusiða, sem hér hafa lengi verið við lýði, þ.e. yfirgnæfandi neysla sterks áfengis í því magni sem leiðir til ölvunar þegar drukkið er. Þetta kann að valda því að hlutfall áfengistengdra slysa hér á landi sé ekki minna en annars staðar og hafi staðið í vegi fyrir fækkun umferðarslysa, sem annars hefði orðið.

Ef marka má þær niðurstöður, að umferðarslys tengist mest neyslu sterks áfengis og ef áframhald verður á þeirri þróun í drykkjuvenjum sem sjá má merki um á allra síðustu árum, þannig að hlutfall léttra áfengistegunda aukist á kostnað sterkra drykkja, kann það að koma fram í fækkun áfengistengdra umferðarslysa, einkum hinna alvarlegri. Skilyrðið fyrir því væri þó, að heildarneysla áfengis ykist ekki frá því sem nú er.

SUMMARY

Alcohol and Traffic in Iceland.

The aggregate alcohol consumption in Iceland during the period 1966 to 1980 is compared with the traffic volume, traffic accidents and drunken driving through the same period. The data have been compiled from statistical records for the Joint Nordic Study of Alcohol Problems.

The time series are compared and correlated to throw some light on the relationships between these variables. The results show that there is only a minor relationship between the development of traffic volume and traffic accidents, but a close relationship is found between traffic accidents on the one hand and the aggregate alcohol consumption and drunken driving on the other. Consumption of spirits has the closest relationship with traffic accidents, while both the consumption of spirits and wine have a close relationship with drunken driving.

HEIMILDIR

1. Mäkelä K et al. Alcohol, Society and the State. Toronto; Addiction Research Foundation, 1981.
2. Umferðarráð: Óbirtar skýrslur um áfengistengd umferðarslys á Íslandi.
3. Ásmundsson G. Forandringar af alkoholvaner i løbet af en 5 års periode. Fyrirlestur á fundi Nordiska nämnden för alkohol- och drogforskning (NAD) i Reykjavík 1981.
4. Torfason B. Umferðarslys og afleiðingar þeirra. Heilbrigðisskýrslur. Fylgirit 1984, nr. 1. Borgarspítalinn og Landlæknisembættið.
5. Mäkelä K. Scandinavian Drinking Survey. Construction of composite indices of drinking attitudes and personal experiences related to drinking. Oslo; Statens Institutt for Alkoholforskning 1981.
6. Helgason T. Alkoholvaner i Island. Beskrivelse og sammenligning med det øvrige Norden. Alkohol och Narkotika, 1978; 72: 17-27.